Fundargerð foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi

Fundargerð ritaði: Soffía Adda A. Guðmundsdóttir

Dagskrá

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 20:00 þann 2. nóvember 2026. Á fundinn mættu Björg Gunnarsdóttir, Sara Rún Guðbjörnsdóttir, Soffía Adda A. Guðmundsdóttir, Helga Hjördís Björgvinsdóttir, Vignir Þór Ásgeirsson, Lilja Jensen og Jakob Johann.

2. Ný stjórn og varastjórn

Á aðalfundi foreldrafélagsins þann 21. september sl. buðu tíu manns sig fram til setu í stjórn foreldrafélagsins.

Í ljósi þess fjölda sem bauð sig fram hefur verið ákveðið að stjórn foreldrafélagsins verði skipuð með eftirfarandi hætti:

Aðalstjórn:

Björg Gunnarsdóttir, formaður

Sara Rún Guðbjörnsdóttir, gjaldkeri

Soffía Adda A. Guðmundsdóttir, ritari

Helga Hjördís Björgvinsdóttir

Vignir Þór Ásgeirsson

Varastjórn:

Gunnhildur Gunnarsdóttir

Lilja Jensen

Jakob Johann

Elín Sóley Reynisdóttir

Hilda María Sigurðardóttir

3. Ákvarðanir og verkefni

- Ákveðið var að hafa jólastundina aftur í skóginum vegna ánægju barna og foreldra frá því í fyrra. Tekin var ákvörðun um að hafa jólastundina 1. desember nk. með fyrirvara um veður.
- Vignir ætlar að kanna hvort lögreglan eigi til endurskinsmerki fyrir börnin, eða Arion banki/Vörður.
- Björg kannaði möguleikann á að fá Línu langsokk í leikskólann í janúar 2027. Kostnaðurinn við að fá Línu til að skemmta í 15 mínútur er 160.000 kr. fyrir utan ferðakostnað. Umræða um að skoða möguleikann á t.d. samstarfi við grunnskólann til að minnka kostnað.
- Við þurfum að ákveða bækur fyrir 15. nóvember, annars vegar bók fyrir Bakka/Vík og hins vegar fyrir Nes/Ás. Sara bauð sig fram til að vera í samskiptum við bókaútgefendur og fá lista af þeim bókum sem þau eru með á tilboði fyrir foreldrafélög ásamt tillögum af bókum til að velja úr. Þegar listinn er kominn kýs stjórn tvær bækur. Í kjölfarið verður ákveðinn tími fyrir innpökkunarkvöld en rætt var að kaffistofan í Skipavík kæmi til greina ef við viljum vera annarsstaðar en í leikskólanum.
- Okkur vantar staðfestan fjölda barna í leikskólanum ásamt lista yfir þau börn sem eru með ofnæmi/óþol og/eða eru vegan. Sara ætlar að hafa samband við Ellý og upplýsir okkur í kjölfarið. Þegar við erum komin með staðfestan fjölda á börnum ásamt ofnæmi/óþoli/vegan er einnig hægt að skipta betur upp verkefnum varðandi jólastundina með tilliti til þess hvort við ætlum að vera með piparkökur eða mandarínur og hversu mikið af kakói þarf að útbúa. Við ætlum að nálgast uppskriftir hjá Villa.

Fundi slitið kl. 21:00